

Félageldriborgara á Seltjarnarnesi - FEBSEL

Fundargerð

Fundarstaður: Félagsaðstaðaelðriborgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7

Fundartími: 30. maí kl. 16.30

Mættir: Krístbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Inga Hersteinsdóttir, Helgi Hjaltason, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir. Inga Hersteinsdóttirboðaðiforföll.

Fundarefni:

1. Formaður setur fundinn og reifar dagskrá.
2. Gönguferðir á vegum FEBSEL og Gróttu verða allavegana fram til 16. júní, en þá verður væntanlega tekið sumarfrí. Verður borið undir gönguhópinn. Gróttu mun hald kynningarfund í haust fyrir eldri borgara þar sem þeir hyggjast kynna alla starfsemi sína. Þar sem Gunnlaugur er að hætta þurfum við nýjan tengilið við Bjartari lífsstíl.
3. Stefnt að félagsfundi í haust. Ánægja er með samstarfið við bókasafnið og eru Kristín sem skipuleggur menningarviðburði þar og Krístbjörg í samvinnu varðandi frekara samstarf í haust.
4. Fætt um félagsfund þar sem Páll Línal fjalli um skipulagsmál og tæki mið af aðstæðum hér. Rétt að bjóða bæjarfulltrúum að mæta og e.t.v. sitja í pallborði.
5. Heilbrigðismál og heimaþjónusta eru alltaf ofarlega á baugi og mætti e.t.v. biðja Pálma V. Jónsson og samstarfsfólk sem leiðir verkefnið Gott er að eldast að kynna það fyrir okkur. Á slíkan fund mætti fá einhvern sem starfar hér í heilsugæslunni til að sitja í pallborði í lok fundar.
6. Félagsmenn í FEBSEL eru nú um 160. Þeim fjölga þegar starfsemi eykst. Félagsgjöld fara í innheimtu í lok september.
7. Ákveðið að funda næst eftir verslunarmannahelgina, og funda reglulega með haustinu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.45

Ragnheiður Haraldsdóttir ritaði fundargerð